

Skipulagsstofnun  
b/t Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2020  
UST202001-096/A.B.  
10.05.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Tillaga að matsáætlun - Vindorkugarður í landi Sólheima**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Ráðgert er að reisa vindorkuver í landi Sólheima á 3.200 ha landi á eystri mörkum sveitarfélagsins Dalabyggðar.

Í greinargerð kemur fram að fyrsti áfangi muni samanstanda af 20 vindmyllum, með hámarksafköst upp á 85 MW og annar áfanginn muni samanstanda af sjö vindmyllum til viðbótar, með hámarksafköst upp á 30 MW, samtals 27 vindmyllum með hámarksafköst upp á 115 MW.

Rafmagn verður leitt frá myllunum með jarðstreng í aðveitustöðvar og þaðan í raforkukerfið.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda tillögu að matsáætlun og telur vert að neðangreind atriði séu höfð til hliðsjónar við gerð frummatsskýrslu umfram það sem fram kemur í þessari tillögu til matsskýrslu.

### **Mótvægisáðgerðir – góð vinnubrögð**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í frummatsskýrslu sé gerður greinarmunur á mótvægisáðgerðum og verklagi sem frekar telst til góðra vinnubragða en mótvægisáðgerða, s.s. að ganga frá og græða upp röskuð svæði.

### **Ásýnd**

Hér er um að ræða verkefni sem mun hafa umtalsverð áhrif á ásýnd svæðis þar sem vindmyllur eru mjög stór mannvirki og geta valdið takmörkunum á annarri landnotkun vegna stærðar. Umhverfisstofnun telur að vindorkugarður að þessu umfangi kunni að hafa

neikvæð áhrif á upplifun fólks af svæðinu. Verkefnið mun hafa áhrif á landslag og geta vindmyllur jafnvel verið ráðandi þáttur í landslagi vegna stærðar og hreyfingar spaða.

Um ásýnd ætti að fjalla með þeim hætti að þegar vindmyllum af þessari stærð hefur verið valinn staður er lítið hægt að gera til að draga úr sýnileika þeirra.

Áform um sýnileikagreiningu framkvæmdar eru nauðsynlegar að mati Umhverfisstofnunar en stofnunin telur að til að gera gleggri grein fyrir stærð og umfangi vindmyllnanna sé jákvætt að sýna einnig myndir í frummatsskýrslu af mannvirkjunum þar sem þau eru borin saman við þekkt mannvirki. Myndir af Hallgrímskirkjuturni hafa oft verið notaðar í slíkan samanburð.

### Niðurrif

Í greinargerð kemur fram að þegar rekstri lýkur (eða a.m.k. 25 árum frá því að hann hófst) verður verkefninu annaðhvort haldið áfram eða unnið að niðurrifi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í frummatsskýrslu hverjar fyrirætlanir frágangs framkvæmdaraðila verða þegar rekstri líkur.

### Óbyggð víðerni

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í frummatsskýrslu verði metin áhrif framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni.

### Mengun

Í greinargerð kemur fram að spaðar vindmyllanna eru hitaðir og yfirborð þeirra húðað með ísfráhrindandi efni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hvers konar efni það sé og metin séu hver umhverfisáhrif notkunar efnisins kunna að verða.

### Vegir

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um í frummatsskýrslu umfang vegagerðar m.m.t. umfang framkvæmdanna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um þær tvær aðkomuleiðir sem tilgreindar eru að safnstöð raforku 2. Umhverfisstofnun bendir á að syðri leiðin liggur um votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt sé að það komi fram hver sé tilgangur þess að hafa tvær aðkomur og hvernig megi forðast rask á votlendi.

### Efnistaka

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um umfang efnistöku í frummatsskýrslu. Það er mat Umhverfisstofnunar að efnistaka skuli ekki vera á

náttúruverndarsvæðum né svæðum þar sem eru jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að efnistakan sé ekki á landi sem hefur hátt verndargildi. Mikilvægt er að tekið sé tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

### **Votlendi**

Í greinargerð kemur fram að á umræddu svæði er að finna nokkur votlendissvæði sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd 60/2013 um sérstaka vernd. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá NÍ [www.serstokvernd.is](http://www.serstokvernd.is) eru fjölmörg votlendissvæði á framkvæmdarsvæðinu. Svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri falla undir grein laganna.

### **Gróðurfar**

Í greinargerð kemur fram að helstu búsvæði á framkvæmdasvæðinu eru algeng og útbreidd (mestmegnis lyngmói, mýri eða mosavaxið land eða graslendi) sem engin sérstök verndunarkrafa gildir um.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

### **Staðarval**

Í greinargerð kemur fram að helstu þættir sem ráða staðarvali vindorkugarðs eru; vindur, nálægð við flutningskerfi raforku, fjarlægð frá mannabústöðum, ferðamannastöðum og helstu ferðaleiðum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðarval fyrir umrædda starfsemi í tillöggunni ráðist einnig af því að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og búsvæðum fugla og tekið sé tillit til verndargildi þessara þátta. Stofnunin telur að í frummatsskýrslu verði að vera ítarleg umfjöllun um áhrif framkvæmdar á framangreinda þætti.


### **Samlegðaráhrif**

Nú fer fram mat á umhverfisáhrifum þriggja vindorkugarða á Vesturlandi. Ef af öllum fyrirhuguðu framkvæmdum verður er ljóst að dreifikerfið á Vesturlandi mun að öllum líkindum að óbreyttu ekki geta annað raforkuflutningi frá þessum orkuverum og nauðsynlegt verði að ráðast í byggingu nýrra raflína og endurbætur á tengivirkjum. Ef slíkum framkvæmdum verður munu sjónræn áhrif vindorkugarðanna aukast sem þessu nemur á viðkomandi svæði til viðbótar við sjónræn áhrif vindorkugarða sem talið er að muni gæta í 30-40 km fjarlægð frá vindorkuverunum. Umhverfisstofnun telur því ljóst að

Í frummatsskýrslu verði að fjalla um samlegðaráhrif við aðrar framkvæmdir sem ráðast þarf í náinni framtíð sbr. lið 1. ii í 2. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum sem viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í flokki B.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Beðist er velvirðingar á því hve tafist hefur að svara þessu erindi.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur